

## Fundur svæðisráðs þriðudaginn 5. desember 2017 kl. 15.00, haldinn í Miðási.

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Hákon Gunnarsson og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð. Heiða Guðmundsdóttir boðaði forföll. Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri, er gestur fundarins.

### Dagskrá fundar:

1. Rekstur vestursvæðis á yfirstandandi ári – og því komandi.
  - Á síðasta stjórnarfundum var svæðisráðum, ásamt framkvæmdastjóra og fjármálastjóra, falið að fara yfir rekstur svæðanna. Þórður fer yfir árið, alls staðar einhver yfirkeysla miðað við fjárlög, en verður innan skekkjumarka. Ekkert vitað um hvað ný fjárlög bera í skauti sér. Hlýtur að koma í ljós á næstu dögum.
  - Gestastofan – munum gera það sem við getum hafa hana opna áfram eftir áramót.
2. Áhersluatriði í landvörslu og framkvæmdum, smáum og stórum, á næsta ári og til lengri tíma litið.
  - Landvarsla – nauðsynlegt að tryggja heilsársopnun gestastofunnar
  - Þurrsalerni, í Vonarskarði (Við Svarthöfða og Gjóstu) og við norðausturenda Langasjávar
  - Nýidalur – nauðsynlegt að skýra stöðu mála þar. Aðstaða fyrir landvörð orðin heilsuspillandi. Hver er framtíðarsýnin með Nýjadal? Þórður búinn að biðja um fund með Páli Guðmundssyni, framkvæmdastjóra FÍ. Mikilvægt að fá skýr svör frá Ferðafélaginu sem fyrst um þeirra plön.
  - Þverá – er eitthvað að fréttu? Engin svör frá ráðuneytinu enn þá um framhalds fjármagn.
3. Upplýsingagjöf til nærsamfélagsins, fréttabréf og fleira.
  - Fréttabréf tilbúið í próförk fer í prentun á morgun.
  - Í framhaldi af fyrri umræðum um kynningu á starfinu og aukið samstarf við nærsamfélagið óskar Fanney eftir að fá boð um að koma inn á fundi sveitarstjórna Ásahrepps, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps á nýju ári, kynna starfsemina og heyra hverjar væntingar sveitarstjórnarmanna séu til þjóðgarðsins. Ásta Begga og Heiða Guðný tala við sitt fólk
  - Þjóðgarðsverði falið að senda bréf til Skaftárhrepps og þakka fyrir stuðninginn við að halda Skaftárstofu opinni.
4. Fréttir af ráðningu í stöðu aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar.
  - Umsóknarfrestur er runninn út, sex umsóknir bárust um stöðuna. Vonandi tekst að ganga frá ráðningu í vikunni.
5. Önnur mál
  - Rætt um að fá Birgi Teits til að koma inn á næsta svæðisráðsfund og kynna teikningarnar að gestastofunni. Þjóðgarðsverði falið að sjá um það og boða fund seinni hluta janúar á Kirkjubæjarklaustri.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:30